



Tilnefningar til viðurkenninga USVS

fyrir árið 2025

Íþróttamaður ársins

- **Ásgeir Örn Sverrisson, Ungmennafélaginu ÁS.**

Ásgeir Örn, fæddur árið 2008, er fjölhæfur og metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur á árinu 2025 sýnt framúrskarandi ástundun, árangur og leiðtogaþæfni. Hann stundar nám við Fjölbrotaskóla Suðurlands og æfir og keppir með Selfoss körfu í 12. flokki.

Ásgeir Örn æfir körfubolta 4-5 sinnum í viku og spilar að jafnaði einn keppnisleik á viku. Hann leggur jafnframt mikla áherslu á styrktarþjálfun og mætir reglulega í ræktina á Selfossi til að efla líkamlegt þol og styrk. Þegar hann kemur heim í fríum mætir hann á fullorðinsæfingar heima í héraði, sem sýnir bæði ábyrgð og sterka tengingu við sitt heimafélag.

Í febrúar 2026 tók Ásgeir Örn þátt í bikarúrslitaleik 12. flokks í Smáranum með Selfoss körfu. Þar mætti liðið Stjörnunni/KFG í spennandi og jöfnum leik en Stjarnan/KFG hafði betur í lokin.

Selfoss karfa stendur nú í 1. sæti í sinni deild og 12. flokkurinn kk. er á leið í úrslitakeppni í sínum aldursflokki.

Fjölhæfni Ásgeirs Arnar er einstök. Hann keppti á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum í fjölmörgum greinum: grashandbolta, grasblaki, fótbolta, körfubolta, 100 m hlaupi, 4x100 m boðhlaupi, kúluvarpi og spjótkesti. Þessi breidd sýnir ótrúlega hæfni, líkamlega getu og áhuga á íþróttum í víðum skilningi.

Ásgeir Örn var einnig í sigurliði ÁS UNGIR á körfuboltamótinu Móðuharðindin í apríl 2025 og vörðu þeir titilinn á mótinu nú í mars. Þátttaka hans í þessu móti endurspeglar bæði keppnisþátt og hæfni til að standa sig í krefjandi aðstæðum.

Auk íþróttaiðkunar er Ásgeir Örn virkur í félagsstarfi. Hann er formaður íþróttanefndar FSu og jafnframt formaður Ungmennaráðs Skaftárhrepps. Þar sýnir hann sömu ábyrgð, frumkvæði og jákvæðu viðhorfin sem einkenna hann á íþróttavellinum.

Ásgeir Örn er reglusamur, þrúður og áreiðanlegur drengur sem vinnur af einlægni og metnaði. Hann er fyrirmynd fyrir aðra unglunga í héraðinu – bæði vegna vinnusemi sinnar, fjölhæfni og þeirrar virðingar sem hann sýnir í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

- **Egill Atlason Waagfjörð, Ungmennafélaginu Kötlu.**

Egill uppskar vel á frjálsíþróttavellinum árið 2025. Hann keppti á fjölmörgum mótum bæði innanlands og utan, bætti sig og vann til verðlauna.

Í byrjun árs fékk Egill keppnisrétt og keppti á Reykjarvíkurleikunum (Reykjarvik International Games) í 60m hlaupi karla með góðum árangri.

Egill varð þrefaldur Íslandsmeistari á árinu í þrístökki innan og utanhúss og langstökki utanhúss. Á Meistaramóti Íslands 15-22 ára innanhúss vann hann einnig til bronsverðlauna í langstökki og varð 8. í 200m hlaupi. Á Meistaramóti Íslands innanhúss fullorðinna vann hann til silfurverðlauna í þrístökki og á Meistaramóti Íslands fullorðinna utanhúss vann hann til tvennra bronsverðlauna í langstökki og þrístökki auk þess að vera 5. í 200m hlaupi og hlaupa til úrslita í 100m hlaupi þar sem hann varð í 7.-8. sæti. Á Stórmóti ÍR vann Egill til silfurverðlauna í þrístökki. Egill tók þátt í Bikarkeppni FRÍ innan og utanhúss í sameiginlegu liði UFA-HHF og Kötlu þar sem hann varð 3. í þrístökki og 4. í langstökki innanhúss og 4. í þrístökki utanhúss. Hann keppti á Innanhúsmóti USVS þar sem hann bætti sig í öllum greinum og vann allar sínar greinar fyrir utan kúluvarp þar sem hann varð fjórði. Egill keppti á Vormóti HSK í karlaflokki þar sem hann vann langstökkið og varð 9. í 100m hlaupi. Hann fór á Vormót ÍR þar sem hann vann langstökk skeppni karla og varð 6. í 100m hlaupi karla. Egill mætti á Sumarleika HSP þar sem hann varð 3. í 100m hlaupi, 2. í langstökki og þrístökki.

Egill setti héraðsmet á árinu í 200m hlaupi innanhúss í flokkum 18-19 ára, 20-22 ára pilta og fullorðinsflokki þegar hann hljóp á 23,40s á Meistaramóti Íslands fullorðinna innanhúss. Hann stór bætti sig og setti einnig héraðsmet í 60m hlaupi innanhúss í flokkum 18-19 ára, 20-22 ára og fullorðinsflokki þegar hann hljóp á 7,27s á Fastrack season opener í Bandaríkjunum.

Einn af hápunktum ársins hjá Agli var þegar hann var valinn í sitt fyrsta landsliðsverkefni, að keppa í þrístökki fyrir Íslandshönd á Norðurlandameistaramóti U20 í Uppsala í Svíþjóð. Þar stóð Egill sig vel, stökk sitt lengsta stökk hingað til í þrístökki 13,18m.

Í haust hélt Egill til Bandaríkjanna en hann fékk íþrótt og námsstyrk við St. Thomas Aquinas Collage í New York fylki. Þar stundar hann nú nám og æfir og keppir í frjálsum af kappi. Egill hefur lagt mikið á sig til að ná árangri í sinni íþrótt og m.a. ekki vílað fyrir sér að keyra landshorna á milli til að sækja keppni og æfingar. Þjálfarar hans eru sammála um að Egill sé mjög hæfileikaríkur og metnaðarfullur íþróttamaður sem stundar íþrótt sína af mikilli elju. Hann er frábær fyrirmynd og verður gaman að fylgjast áfram með afrekum hans á frjálsíþróttavellinum í framtíðinni.

- **Svanhildur Guðbrandsdóttir, Hestamannafélaginu Kópi.**

Svanhildur keppti sumarið og veturinn 2025 aðallega á þremur hestum, þeim Öðling frá Ytri-Skógum, Brekkan frá Votmúla og Pitt frá Víðivöllum fremri. Hér fyrir neðan er talinn upp besti árangur á hverjum hesti fyrir sig.

Á fyrstu tveimur mótum sumarsins keppti Svanhildur í 1.flokk en færði sig síðan yfir í meistaraflokk.

Brekkan keppti Svanhildur á í fimmgang F1 og F2 og A-flokk. Keppti hún í byrjun sumars í 1.flokk, fyrst á Íþróttamóti Sleipnis þar sem hún var í 2.sæti eftir forkeppni með einkunnina 6,43 og vann síðan A-úrslitin með einkunnina 6,74. Á WR íþróttamóti Geysis kom hún sá og sigraði í fimmgang F2 með einkunnina 6,93 í forkeppni og 6,9 í úrslitum. Á Reykjavíkurmestarmótinu lenti Svanhildur í 19.sæti með einkunnina 6,70, þá í meistaraflokk. Opna Töllumót Dreyra var ferð til fjár því þar náðu þau einkunn inn á Íslandsmót í fimmgang F1, 6,80. Á Íslandsmóti hlaut hún síðan í einkunn 6,63 og 23.sæti. Á Hestaþingi Kóps og Sindra hlutu Brekkan og Svanhildur 8,54 í forkeppni og 2.sæti en unnu síðan úrslitin með einkunnina 8,66, þar sem stóð upp úr mikil tilþrif á skeiði. Á opna Gæðingamótinu á Fúðum gerðu þau betur í forkeppni í A-flokk og hlutu 8,59 og 5.sæti en enduðu áttundu með einkunnina 8,40 í úrslitum.

Öðling keppti Svanhildur einnig á, á WR íþróttamóti Sleipnis þar sem hún var í 2.sæti eftir forkeppni og 3.sæti í úrslitum með einkunnina 6,47. Voru þau önnur eftir forkeppni með 6,50 á WR íþróttamóti Geysis og í sama sæti með einkunnina 6,70. Á Reykjavíkurmestarmótinu í V2 meistaraflokk lentu þau í 3.sæti eftir forkeppni með 6,50 en 4. í úrslitum með einkunnina 6,70. 8,40 var niðurstaðan í B-flokk á Opna Gæðingamótinu á Flúðum og 21.sæti.

Pitt keppti Svanhildur bæði á í gæðingaskeiði og flugskeiði. Helst ber af árangur á Reykjavíkurmestarmóti WR í gæðingaskeiði. Í fyrri sprett fengu þau í einkunn 6,58 og seinni 7,33. Skilaði það þeim 15.sæti með einkunnina 6,96 og var annar spretturinn 13. besti sprettur mótsins í meistaraflokki. Einnig fóru þau tvo spretti upp á 6,67 á Opna WR Íþróttamóti Geysis. Í flugkeiði (100 m) fóru þau hraðast á tímanum 8,71 sek. á öðrum skeiðleikum Skeiðfélagsins.

Svanhildur er frábær fyrirmynd innan vallar sem utan fyrir alla aldurshópa. Hún er einstaklega samviskusöm og dugleg sem skilar sér í frábærum keppnisárangri hennar. Svanhildur hefur verið valinn knapi ársins 2025 hjá Hestamannafélaginu Kópi.

- **Þorsteinn Björn Einarsson, Hestamannafélaginu Sindra.**

Þorsteinn sem kjörinn var knapi ársins á aðalfundi Hestamannafélagsins Sindra er gríðarlega duglegur að keppa í nafni Sindra hvar sem hann er hverju sinni. Hefur hann náð mjög góðum árangri hingað til á sínum ferli og er árið 2025 ekki undanskilið því. Hann tók þátt í Meistaradeild KS fyrir norðan þar sem hann komst inn í B-úrslit í fimmgangi og tölti, náði hvorki meira né minna en öðru sæti á WR Hólamóti með einkunnina 7.33 í tölti og fjórða sæti í fimmgangi. Ekki var það nóg, heldur þá hreppti hann einnig annað sæti í tölti á WR móti Léttis með einkunnina 7.17 og öðru sæti í fimmgangi á sama móti með 6.81 í einkunn. Á stórmóti Hrings náði hann góðum tímum í 100 metra skeiði og landaði 4. og 5. sæti á sitthvoru hrossinu með tímana sléttar 8 og 8.01 sekúndu. Einnig reið hann sig inn í A-úrslit í T1 og landaði þar 5. sæti. Þessum góða árangri náði hann á árinu með: Rjóð frá Hofi á Höfðaströnd í fimmgangi Gerplu frá Hofi á Höfðaströnd og Etýðu frá Torfunesi í 100m skeiði Hringaná frá Hofi á Höfðaströnd í T1.

Það sem fangaði sérstaklega athygli okkar við valið á knapa ársins var að undir lok ársins birti FEIF lista yfir þá knapa sem hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir fallega og sanngjarna reiðmennsku á keppnistímabilinu. Tilnefningarnar eru gerðar af íþróttadómurum og eru óháðar einkunnum eða árangri í keppni, á alþjóðlegum mótum, en það eru mót sem titluð eru WR eða world ranking. Eingöngu er horft til fallegrar og sanngjarnar reiðmennsku og þess að knapinn setji velferð hestsins í forgang. Í tilkynningu frá FEIF segir:
„Við viljum þakka öllum knöpum á listanum fyrir að vera framúrskarandi fyrirmyndir þeirrar reiðmennsku sem við viljum sjá í íþróttinni.“



Tilnefningar til viðurkenninga USVS

fyrir árið 2025

Efnilegasti íþróttamaðurinn

- **Freyja Dögg Atladóttir Waagfjörð, Ungmennafélaginu Kötlu.**

Freyja mætti mjög vel á æfingar UMF Kötlu á árinu. Hún er áhugasöm, dugleg og leggur sig fram á æfingum og í keppni. Hún keppti á mörgum mótum á árinu, bætti sig mikið og vann til verðlauna.

Á stórmóti ÍR varð Freyja í 5. sæti í fimmtarþraut 12 ára stúlkna og fékk fyrir það verðlaun en veitt eru verðlaun fyrir efstu 10 sætin. Á Meistaramóti Íslands 11-14 ára innanhúss fékk hún verðlaun fyrir 8. Sæti þar sem sami háttur er hafður á.

Á unglíngalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum vann Freyja þrenn bronsverðlaun í 600m hlaupi, hástökki og kúluvarpi.

Bestum árangri náði Freyja á Meistaramóti Íslands 11-14 ára utanhúss þar sem hún varð Íslandsmeistari fjölþraut 12 ára stúlkna. Fjölþrautin samanstendur af 6 greinum: 60m hlaupi, 400m hlaupi, hástökki, langstökki, kúluvarpi og spjótkesti. Í þrautinni varð Freyja fyrst í 60m hlaupi, 400m hlaupi og langstökki, önnur í kúluvarpi, önnur til fjórða í hástökki og sjötta spjótkesti.

Freyja setti héraðsmet innan og utanhúss í 400m hlaupi. Innanhúss í flokkum 12,13 og 14 ára stúlkna með tímanum 1:16,47 mín á Meistaramóti Íslands 11-14 ára. Á Meistaramóti Íslands 11-14 ára utanhúss setti Freyja héraðsmet í 400 m hlaupi í flokki 12 ára stúlkna þegar hún hljóp á 1:14,62 mín.

- **Kristófer Gunnar Bjarkason, Ungmennafélaginu ÁS.**

Kristófer Gunnar tók virkan þátt í starfi Ungmennafélagsins ÁS á liðnu ári. Hann mætti vel á æfingar og tók virkan þátt í mótastarfi. Kristófer er góður og jákvæður liðsfélagi sem hefur sýnt miklar framfarir á skömmum tíma. Dugnaður hans, samvirkusemi og góður andi hafa ekki aðeins skilað sér í persónulegum bætingum heldur einnig haft hvetjandi áhrif á samherja hans.

Kristófer keppti á körfubolta- og fótboldamótum á árinu og er mjög efnilegur í báðum greinum. Hann tók einnig þátt í innanhúsmóti USVS í frjálsum íþróttum í febrúar 2026 og var í fyrsta sæti í kúluvarpi, kastaði kúlunni 8,03 m. Hann tók þátt á fótboldamóti USVS 22. mars síðast liðinn og var annar stigahæsti keppandinn í flokki 7. – 10. bekkjar.

- **Rúnar Smári Ragnarsson Blandon, Ungmennafélaginu ÁS.**

Rúnar Smári átti glæsilegt íþróttarár. Hann stundaði nær allar greinar sem voru í boði og keppti í mörgum greinum.

Árangur hans á árinu 2025 var góður. Hann var í 2. sæti í hástökki 12-13 ára á innanhúsmóti USVS á Kirkjubæjarklaustri vorið 2025. Hann keppti í sömu grein á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum þar sem hann náði 4. sæti í flokki 12 ára og stökk 1,24. Þá keppti hann einnig í boðhlaupi þar sem hann var í boðhlaupssveit með drengjum í HHF, Héraðssambandinu Hrafnaflóka. Þeir gerðu sér lítið fyrir og hrepptu gullverðlaun.

Rúnar tók karatepróf í vor sem hann stóðst með glæsibrag og er kominn með græna beltíð. Hann keppti einnig á körfubolta- og fótboltamótum á árinu og er mjög efnilegur í báðum greinum. Hann tók einnig þátt í innanhúsmóti USVS í frjálsum íþróttum í febrúar 2026 og keppti í öllum greinum. Hann var í fyrsta sæti í hástökki og þrístökki og öðru sæti í langstökki og kúluvarpi. Hann tók þátt í fótboltamóti USVS 22. mars og gekk vel þar.

Hann er að einnig mjög virkur í íþróttastarfi UMFÁS og mætir bæði vel á æfingar unglunga sem og fullorðinna á kvöldin.



Tilnefningar til viðurkenninga USVS

fyrir árið 2025

Lið ársins

• 5. flokkur ÁS og Kötlu í fótbolta

5. flokkur ÁS og Kötlu í fótbolta keppti undir merkjum USVS á Smábæjaleikunum á Blönduósi sumarið 2025. Sterk og góð liðsheild og frábær barátta einkenndu þennan flotta hóp. Liðið tapaði naumlega fyrir Smára frá Varmahlíð í úrslitaleik og varð því annað sætið niðurstaðan. Frábær árangur en lið vann sex af níu leikjum sínum á mótinu og gerði eitt jafntefli.

Lið 5. flokks USVS skipaði:

- Gunnar Ingi Sigurðsson, UMFÁS
- Jóhannes Birgir Örvarsson, UMFÁS
- Kristmundur Rafn Guðmundsson, UMF. Kötlu
- Patrekur Leó Saithong Óðinsson, UMF. Kötlu
- Rúnar Smári Ragnarsson Blandon, UMFÁS
- Signý Heiða Þormarsdóttir, UMFÁS
- Sigurbjörn Ási Pétursson, UMFÁS
- Sæmundur Óli Davíðsson, HHF

- **Stúlknalið Ungmennafélagsins Kötlu.**

Stúlknaliðið UMF Kötlu hafnaði í 2. sæti í samanlagðri stigakeppni félagsliða á Meistaramóti Íslands 11–14 ára í frjálsum íþróttum sem fram fór á ÍR-vellinum 14. og 15. júní 2025.

Liðið skipuðu Freyja Dögg Atladóttir Waagfjörð, Gréta Björk Einarsdóttir og Sigríður Gabriella Björg Valdimarsdóttir. Árangur liðsins er sérstaklega athyglisverður þar sem þær voru einungis þrjár sem skipuðu liðið. Þetta undirstrikar einstaklega góðan árangur hjá þeim á mótinu, ekki síst í ljósi þess að önnur lið voru mun fjölmennari.



Tilnefningar til viðurkenninga USVS

fyrir árið 2025

Sjálfboðaliði ársins

- **Sigmar Helgason, Ungmennafélaginu ÁS.**

Sigmar hefur verið einn af burðarásum í íþrótt- og félagsstarfi í Vestur-Skaftafellssýslu og hefur verið það í nær hálfa öld. Starf hans einkennist af ósérhlífni, ábyrgð, stöðugleika og ómetanlegri þjónustu við íþróttahreyfinguna.

Sigmar hóf þátttöku í félagsmálum strax á unglingsárum og tók sæti í stjórn Ungmennafélagsins Ármanns (nú ÁS) aðeins 16 ára gamall. Þar lagði hann grunn að því ómetanlega starfi sem hann hefur sinnt allar götur síðan.

Í rúm 50 ár hefur Sigmar unnið fyrir félögin á svæðinu og verið einn af traustustu og dyggustu sjálfboðaliðum USVS.

Sigmar hefur gegnt fjölmörgum hlutverkum innan Ungmennafélagsins ÁS og USVS, þar á meðal:

- Formaður USVS – tvisvar sinnum
- Stjórnarmaður USVS síðustu ár
- Formaður og stjórnarmaður Ungmennafélagsins ÁS/Ármanns
- Þjálfari og dómari
- Sjálfboðaliði við mótahald, dómgæslu, þjálfun og félagsstarf

Auk starfa fyrir UMFÁS og USVS hefur Sigmar einnig verið öflugur sjálfboðaliði hjá Hestamannafélaginu Kópi, þar sem hann hefur komið að mótahaldi og fjáröflun. Starf Sigmars hefur ekki farið framhjá íþróttahreyfingunni. Hann hefur hlotið tvær miklar viðurkenningar fyrir störf sín sem sjálfboðaliði:

- Silfurmerki ÍSÍ (2023) fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttá sambands svæði USVS
- Gullmerki UMFÍ (2022) fyrir óþrjótandi áhuga og vinnu fyrir íþróttastarf

Þessar viðurkenningar staðfesta það sem allir í héraðinu vita: að Sigmar er einstakur í sínu framlagi og hefur skilað ómetanlegu starfi til samfélagsins.

Sigmar hefur ávallt verið mættur þar sem þörf er á – hvort sem það er:

- við þjálfun barna og ungmenna
- í dómgæslu
- í mótahaldi
- í stjórnunarstörfum
- eða í hvers kyns sjálfboðastarfi sem félagið þarf á að halda

Hann er þekktur fyrir þróðmennsku, áreiðanleika og jákvætt viðmót – og er fyrirmynd fyrir alla sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélagið ÁS tilnefnir Sigmar Helgason sem Sjálfboðaliða USVS 2025 og vill með þessari tilnefningu þakka honum fyrir ómetanlegt framlag, ósérhlífni og óbilandi stuðning við íþrótt- og æskulýðsstarf í Vestur-Skaftafellssýslu.

- **Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð, Ungmennafélaginu Kötlu.**

Ungmennafélagið Katla tilnefnir Þórdísi Erlu Ólafsdóttur Dýrfjörð sem sjálfboðaliða ársins. Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð hefur um árabil verið ein af lykilmanneskjum Ungmennafélagsins Kötlu og burðarás í starfi félagsins. Hún hefur lagt ómetanlegt starf af mörkum og sýnt í verki hvað felst í metnaði, ábyrgð og einlægri umhyggju fyrir börnum og ungmennum í samfélaginu. Hún hefur setið í stjórn og varastjórn félagsins og starfar nú í nefndarstörfum á vegum þess.

Þórdís Erla hefur komið að fjölmörgum verkefnum á vegum félagsins og USVS, bæði innan íþróttastarfs og félagslegra viðburða. Hún hefur um árabil borið meginábyrgð á skipulagi og framkvæmd páskaeggjaleiks UMF Kötlu, sem hefur fest sig í sessi sem vinsæll fjölskylduviðburður í Vík um páskana.

Hún er traustur og öflugur liðsmaður sem ávallt er reiðubúin að leggja sitt af mörkum við mót og viðburði. Framkoma hennar einkennist af jákvæðni, virðingu, einlægum áhuga og hún skapar umhverfi þar sem allir fá að njóta sín. Hún er sannkölluð fyrirmynd fyrir aðra sem starfa í íþrótt- og æskulýðsstarfi og er því afar verðugur handhafi titilsins sjálfboðaliði ársins